

* Vörugjald

Úrskurður 11/2004

Kærður er úrskurður tollstjóra þar sem hann krefur kæranda um endurgreiðslu eftirgefins vörugjalds að leigubifreið. Kærandi krefst þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Ríkistollanefnd staðfesti úrskurð tollstjóra.

Lög nr. 55/1987 tollalög 99. gr., 101. gr. og 142. gr. Lög nr. 134/2001 6. gr. Lög nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. 28. gr. Lög nr. 61/1995 6. gr. Reglugerð nr. 254/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

Með bréfi, dags. 25. ágúst 2004, sem barst nefndinni þann 30. s.m. kærir A. þá ákvörðun tollstjóra að krefjast greiðslu eftirgefins vörugjalds af leigubifreiðinni YT-650. Ákvörðunin var sett fram í úrskurði nr. 13/2004 dags. 1. júlí 2004. Kærandi krefst þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Í kærinni og fylgigögnum með henni krefst kærandi þess að úrskurður tollstjóra verði endurskoðaður þar sem í reglugerð 254/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. sem þá giltu hafi verið sett frekari skilyrði fyrir lækkun vörugjaldsins en lögin heimili. Í öðru lagi á grundvelli þess að sérstaklega sé gert ráð fyrir því í lögum að tekið sé tillit til umsókna frá öryrkjum til atvinnuleyfa. Það er ljóst að þeir öryrkjar sem fá úthlutað leyfum geta ekki að öllu jöfnu skilað sömu tekjum og aðrir. Ákvæði reglugerðarinnar geri hlut þeirra lakari og skerðir möguleika þeirra til niðurfellingar og þar með möguleika til leigubifreiðaaksturs. Þá sé í þriðja lagi ekki tekið tillit til ýmissa áfalla sem upp geti komið í rekstri sem þessum. Enn fremur segir að samkvæmt 4. tl. 2. mgr. 5. gr. laga 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. sé fjallað um vörugjald af leigubifreiðum en þar segir:

4. (Vörugjald af leigubifreiðum til fólksflutninga skal lagt á samkvæmt eftirfarandi töflu miðað við sprengirympi aflvélar, mælt í rúmsentimetrum):

Flokkur	Sprengirympi aflvélar	Gjald %
I	0-2.000	10
II	Yfir 2.000	13

Skilyrði lækkunar vörugjalds af leigubifreið eru að kaupandi hennar hafi atvinnuleyfi til leiguaksturs fólksbifreiða og hafi akstur hennar að aðalvinnu.

Kærandi telur að af lagaákvæðinu megi ráða að skilyrði lækkunar séu tvö, þ.e. atvinnuleyfi til leiguaksturs og að aksturinn sé aðalvinnna viðkomandi. Ekki sé um frekari kvaðir eða heimildir til tekjutengingar fyrir niðurfellingu á eftirgefnu vörugjaldi að ræða í lögnum. Kærandi hafði atvinnuleyfi til leigubílaaksturs og stundi aksturinn sem aðalvinnu þó að starfsorkan hafi verið skert.

Þá segir í kærinni að samkvæmt 28. gr. laga 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. geti ráðherra með reglugerð 1) sett nánari fyrirmæli varðandi framkvæmd laganna. Þegar hið umdeilda vörugjald var ákveðið giltu um álagninguna reglugerð nr. 254/1993, eins og getið er í bréfi tollstjóra. Skv. 3. tl. 24. gr. reglugerðarinnar eins og henni var breytt með reglugerð 43/1999, giltu eftirfarandi skilmálar um lækkun vörugjalds af leigubifreiðum skv. 4. mgr. 23. gr. *Lækkun vörugjalds af leigubifreiðum er háð eftirfarandi skilyrðum:*

1. Umsækjandi hafi atvinnuleyfi til leigubifreiðaaksturs, skv. lögum um leigubifreiðar og leggi fram vottorð því til staðfestingar.
2. Umsækjandi njóti ekki eftirgjafar vegna annarrar leigubifreiðar.
3. Umsækjandi undirriti yfirlýsingu þess efnis að hann skuldbindi sig til þess að endurgreiða eftirgefið vörugjald að fullu, með verðbótum í samræmi við 2. mgr. 26. gr., hafi hann ekki að lágmarki 1.164.000 kr. í reiknað endurgjald af leiguakstri, sbr. 2. mgr. 1. tölul. a-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, annað af næstu tveimur almanaksárum eftir að eftirgjöf er veitt og að bifreiðin verði skráð sem leigubifreið í ökutækjaskrá.

Með reglugerðinni hafa stjórnvöld sett viðbótarskilyrði og gengið lengra en lögin heimila með því að tekjutengja eða setja lágmarksviðmið tekna án lagaheimildar. Þetta sé óheimilt og auk þess andstætt 77. gr. stjórnarskrárinnar þar sem sérstaklega sé kveðið á um að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

Þá segir kærandi að samkvæmt 5. mgr. 6. gr. laga 134/2001 um leigubifreiðar þar sem verið sé að fjalla um veitingu atvinnuleyfa sé kveðið á um að heimilt sé að taka sérstakt tillit til umsókna um atvinnuleyfi frá öryrkjum, enda uppfylli þeir skilyrði laganna. Sambærilegt ákvæði var að finna í 3. mgr. 6. gr. laga 61/1995 um leigubifreiðar. Á grundvelli þessa ákvæðis hafi hann fengið úthlutað leyfi til leigubifreiðaaksturs. Þegar frá upphafi lá fyrir að hann (kærandi) gæti aldrei skilað sömu tekjum og gengur og gerist meðal annarra í þessari stétt vegna örorku. Tekjutengingin beinist aðeins að þeim sem eru í lægstu tekjuhópnum, m.a. þeim sem ekki geta stundað aksturinn af sama krafti og aðrir. Í þessu felst mismunur og reglugerðin gengur gegn anda laganna sem þó kveður á um að sérstakt tillit sé tekið til þess hóps við úthlutun leyfa. Tekjutenging á niðurfellingu vörugjaldsins kemur því sérstaklega hart niður á þessum hópi og er andstæð 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Þá segir að lokum í kærinni að ekki sé tekið tillit til rekstraráfalla. Í tilviki kæranda hafi orðið tvö alvarleg rekstraráfall annars vegar vegna mótorbilunar og hins vegar vegna umferðaróhapps en þessi atvik urðu á sitt hvoru rekstrarárinu. Í fyrri tilvikinu bræddi mótörinn úr sér og bifreiðin var óökufær um margra vikna skeið bæði vegna viðgerðar og tafa við öflun varahluta (bifreiðin var frá Kóreu, innflytjandinn varð gjaldþrota, nyr umboðsaðili var lengi að afla varahluta). Þá hafi hann lent í alvarlegu umferðaróhappi þar sem bifreiðin varð óökufær og dráttur á afhendingu varahluta og viðgerð leiddi til þess að bifreiðin var ónothæf í rekstri í tæpa tvo mánuði. Þegar um takmarkaða starfsorku sé að ræða komi þetta hart niður á rekstrinum.

Varðandi bifreiðina YT-650 var hún notuð við leigubifreiðaakstur frá nóvember árið 1999 þar til hún var seld á árinu 2003, þ.e. um fjórum árum frá skráningu.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að þann 24. nóvember 1999 hafi kærandi undirritað yfirlýsingu um eftirgjöf vörugjalds af leigubifreiðinni YT-650, sbr. lög nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum og reglugerð nr. 254/1993, um vörugjald af ökutækjum sem þá var í gildi. Yfirlýsingin feli í sér skuldbindingu þess efnis að eftirgefið vörugjald verði endurgreitt að fullu með verðbótum sbr. 2. mgr. 26. gr. reglugerðarinnar ef skilyrði 23.-24. gr. reglugerðarinnar séu ekki uppfyllt. Þá segir í úrskurðinum að um yfirlýsinguna sjálfa og umsókn til endurgjafar séu ákvæði í 1. mgr. 25. gr. reglugerðar nr. 254/1993. Þar segir að í umsókninni skuli koma fram helstu upplýsingar um umsækjanda, svo sem nafn, kennitala, fast númer ökutækis, tegund þess o.fl. Jafnframt skuli umsækjandi undirrita yfirlýsingu um notkun ökutækis og kvöð um greiðslu eftirgefina gjalda til ríkissjóðs, verði breyting á notkun þess eða skipti það um eigendur innan tiltekins tíma, sbr. 26. gr. reglugerðarinnar. Þá skuli umsækjandi leggja fram önnur þau gögn er tollstjóri telur fullnægjandi til staðfestingar á að ökutæki og eigandi þess uppfylli skilyrði fyrir undanþágu.

Reglur um undanþágur frá greiðslu vörugjalds er að finna í V. kafla reglugerðar nr. 254/1993, nánar tiltekið í 21.-26. gr. Reglur um undanþágur frá greiðslu vörugjalds ber að skýra þröngt, þar sem um undantekningu er að ræða frá fyrri meginreglu að greiða skuli vörugjald í ríkissjóð af ökutækjum, sem skráningarskyld eru samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987. Í 4. tl. 23. gr., en henni var breytt með reglugerð nr. 43/1999, er mælt fyrir um lækkun vörugjalds af leigubifreiðum. Lækkun gjaldsins er háð skilmálum sem koma fram í 24. gr. reglugerðarinnar, en henni var einnig breytt með reglugerð nr. 43/1999 sem öðlaðist gildi 21. janúar 1999. Þar segir í 1. tl. um skilyrði lækkunar: „Umsækjandi (skal hafa) atvinnuleyfi til leigubifreiðaaksturs, skv. lögum um leigubifreiðar og leggi fram vottorð því til staðfestingar.“ Þá segir í 2. tl.: „Umsækjandi njóti ekki eftirgjafar vegna annarrar leigubifreiðar“. Að lokum segir í 3. tl. sömu greinar.: „Umsækjandi undirriti yfirlýsingu þess efnis að hann skuldbindi sig til þess að endurgreiða eftirgefið vörugjald að fullu, með verðbótum í samræmi við 2. mgr. 26. gr., hafi hann ekki að lágmarki 1.164.000 kr. í reiknað endurgjald af leiguakstri. sbr. 2. mgr. 1. tl. a-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, annað af næstu tveimur heilu almanaksárum eftir að eftirgjöf er veitt og að bifreiðin verði skráð sem leigubifreið í ökutækjaskrá.“ Í nóvember árið 1999 urðu því tekjur af leigubifreiðaakstri að nema að lágmarki 1.164.000 kr. til að uppfylla skilyrði um eftirgjöf vörugjalds.

Tollstjóri hafnar því að með setningu reglugerðarinnar hafi stjórnvöld sett frekari skilyrði fyrir lækkun vörugjalds en lög nr. 29/1993 heimiluðu. Fyrst ber á það að líta að í 33. gr. reglugerðar nr. 254/1993 kom fram að hún væri sett með stoð í 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. Í lagaákvæðinu sé ráðherra veitt heimild til að setja nánari reglur um framkvæmd laganna með reglugerð. Þá segir jafnframt í 3. mgr. 5. gr. laganna að ráðherra sé heimilt að setja nánari skilyrði í reglugerð um þau ökutæki sem falla undir 2. mgr. 5. gr., svo sem um notkun ökutækis, búnað þess og hvað teljist vera aðalatvinna

skv. 4. tölul. 2. mgr., svo og ákvæði um endurgreiðslu á mismun vörugjalds skv. 3. gr. annars vegar og 2. mgr. hins vegar ef skilyrðum er ekki fylgt. Meðal ökutækja í 2. mgr. 5. gr. eru leigubifreiðar til fólksflutninga en um þær er fjallað í 4. tl. Þar sem tekið er sérstaklega fram í lögnum að ráðherra sé heimilt að setja nánari skilyrði um notkun ökutækis, má ljóst vera að 4. tl. 23. gr. reglugerðarinnar, um innheimtu vörugjalds af leigubifreiðum, og 3. tl. 1. mgr. 24. gr. reglugerðarinnar um lágmarksviðmið varðandi reiknað endurgjald af leiguakstri, hafa skýra lagastoð. Tollstjóri tekur fram að hann telur það ekki í sínum verkahring að meta hvort tilteknar reglugerðir brjóti í bága við lög.

Þá segir í úrskurði tollstjóra að fram komi í kæru kæranda að hann hafi fengið úthlutað leyfi til leigubifreiðaaksturs á grundvelli 5. mgr. 6. gr. laga nr. 134/2001. Í 14. gr. laga 134/2001 segi hins vegar að lögin hafi ekki tekið gildi fyrr en 15. mars 2002. Leyfi úthlutað á grundvelli þessara laga eigi því ekki við í málinu. Þau lög sem eigi við séu nr. 61/1995 um leigubifreiðar. Tollstjóri mótmælir ekki að kærandi hafi haft gilt atvinnuleyfi undir höndum þegar sótt var um niðurfellingu vörugjaldsins. Reglugerð 254/1993 sé hins vegar sett með stoð í lögum nr. 29/1993 um vörugjald, með síðari breytingum, eins og fram hefur komið en ekki nr. 61/1995. Þá er þeirri röksemd hafnað að tekjutenging vörugjaldsins beinist aðeins að þeim sem séu í lægsta tekjuhópnum, heldur er einungis mælt fyrir um eitt ákveðið tekjulágmark, kr. 1.164.000, sem öllum sé gert ljóst að sé skilyrði fyrir niðurfellingu vörugjaldsins er þeir skrifi undir yfirlýsinguna. Eitt sé látið yfir alla ganga og er byggt á sjónarmiðum um jafnræði borgaranna.

Tollstjóri kveðst ekki hafa heimild til að taka sérstakt tillit til rekstraráfalla sem upp kunna að koma í rekstri leigubifreiðar. Reglugerð nr. 254/1993 hafi engin ákvæði að geyma um slíkt. Þá hafi kærandi engum gögnum skilað inn til embættisins er staðfesta þau áföll sem getið er um í kærinni. Er niðurfelling vörugjaldsins á þessum grunni því ekki heimil.

Þá segir að með bréfi embættisins dags. 13. janúar 2003, hafi verið óskað eftir að send yrðu tollstjóra staðfest endurrit af skattskýrslum næstu tveggja heilu almanaksára eftir að eftirgjöf var veitt. Í framhaldi af því að ekkert svar barst var þess krafist með bréfi embættisins frá 9. janúar 2004 að kærandi greiddi gjaldið innan 15 daga ella yrði gengið að lögveði tollstjóra í ökutækinu fyrir ógreiddu vörugjaldi, dráttarvöxtum og kostnaði, skv. 3. mgr. 111. gr. tollalaga, sbr. og 1. mgr. 27. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. með síðari breytingum. Skattframtöl bárust embættinu eftir póstlagningu bréfsins. Reiknað endurgjald af leiguakstri var undir lágmarki kr.1.164.000 bæði á árunum 2000 og 2001. Að mati embættisins eru því skilyrði 1.-3. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 24. gr. reglugerðar nr. 254/1993 um eftirgjöf vörugjalds, ekki uppfyllt, en til þess að vörugjald sé eftirgefið verða öll skilyrði sem fram koma í lögum 29/1993 um vörugjald af ökutækjum og reglugerð 254/1993 að vera uppfyllt.

Tollstjóri krefst þess að kærandi greiði eftirgefið vörugjald kr. 294.129 ásamt verðbótum kr. 54.942 og dráttarvöxtum kr. 23.793, samtals fjárhæð kr. 372.864 innan 15 daga frá póstlagningardegri þessa bréfs, skv. 2. mgr. 26. gr. reglugerðar nr. 254/1993, eða eigi síðar en 16. júlí n.k. Um innheimtu dráttarvaxta fer eftir 3. mgr. 5. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og munu dráttarvextir reiknast frá 8. febrúar 2004, en þá voru liðnir 30 dagar frá því þér voruð fyrst krafðir um greiðslu gjaldsins og reiknast þeir til greiðsludags.

Ríkistollanefnd sendi kærana til tollstjórans í Reykjavík til umsagnar sbr. 4. mgr. 101. gr. laga nr. 55/987, með bréfi, þann 30. ágúst 2004. Var embættinu veittur frestur til að skila greinargerð um málið fyrir 18. september. Tollstjóri óskaði eftir fresti til að skila greinargerð sinni til 28. s.m. Var honum veittur sá frestur. Í greinargerð tollstjóra segir m.a. að við skoðun á þeim gögnum sem lögð hafa verið fram sé ljóst að yfirlýsing kæranda, dags. 24. nóvember 1999, er skýr og ótvíræð, undirrituð af kæranda sjálfum og vottuð tveimur vitundarvottum. Umrædd yfirlýsing er í fullu samræmi við ákvæði laga og reglugerða sem við eiga í máli þessu. Ljóst sé að á þeim tíma sem yfirlýsingin var undirrituð voru í gildi lög nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, með síðari breytingum og reglugerð nr. 254/1993, með síðari breytingum. Rétt er því að miða úrlausn máls þessa við framangreindar heimildir. Umrædd reglugerð er sett með stoð í 28. gr. laga nr. 29/1993.

Þá segir að ákvæði vörugjaldslaga kveði á um skyldu til greiðslu vörugjalds af leigubifreiðum til fólksflutninga. Samkvæmt 4. tl. 2. mgr. 5. gr. þágildandi vörugjaldslaga skyldi vörugjald lagt á samkvæmt þar greindri töflu, miðað við sprengirými aflvélar mælt í rúmsentimetrum. Skilyrði lækkunar vörugjalds af leigubifreið voru, skv. lagaákvæðinu, að kaupandi hennar hefði atvinnuleyfi til leiguaksturs fólksbifreiða og hefði akstur hennar að aðalátvinnu. Þá var ráðherra skv. 3. mgr. ákvæðisins m.a. heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði um þau

ökutæki sem féllu undir 2. mgr., svo sem um notkun ökutækis, búnað þess, hvað teljist vera aðalatvinna og ákvæði um endurgreiðslu á mismuni vörugjalds ef skilyrðunum er ekki fylgt. Samkvæmt 28. gr. sömu laga var ráðherra heimilað að setja nánari fyrirhætti um framkvæmd laganna.

Þágildandi reglugerð nr. 254/1993, um vörugjald af ökutækjum, með síðari breytingum, var sett með stoð í 28. gr. þágildandi vörugjaldslaga nr. 29/1993, með síðari breytingum. Meginregluna um greiðslu vörugjalds af skráningarskyldum ökutækjum var að finna í 1. gr. reglugerðarinnar. Í V. kafla reglugerðarinnar voru undanþágur frá framangreindri meginreglu. Ákvæði 4. tölul. 23. gr. reglugerðarinnar kvað á um innheimtu vörugjalds af leigubifreiðum til fólksflutninga í samræmi við þá flokka sem greindir voru í lögum um vörugjald nr. 29/1993. Nánar segir í ákvæðinu að skilyrði lækkunar vörugjalds af leigubifreið séu að kaupandi hennar hafi atvinnuleyfi til leiguakstur fólksbifreiða og hafi akstur hennar að aðalatvinnu. Umsækjanda ber að uppfylla eftirtalin skilyrði, sbr. 1. - 3. tölul., 1. mgr. 24. gr. reglugerðarinnar:

1. Umsækjandi hafi atvinnuleyfi til leigubifreiðaaksturs, skv. lögum um leigubifreiðar og leggi fram vottorð því til staðfestingar.
2. Umsækjandi njóti ekki eftirgjafar vegna annarrar leigubifreiðar.
3. Umsækjandi undirriti yfirlýsingu þess efnis að hann skuldbindi sig til þess að endurgreiða eftirgefið vörugjald að fullu, með verðbótum í samræmi við 2. mgr. 26 gr., hafi hann ekki að lágmarki 1.164.000 kr. í reiknað endurgjald af leiguakstri, sbr. 2. mgr. 1. tölul. a-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, annað af næstu tveimur heilu almanaksárum eftir að eftirgjöf er veitt og að bifreiðin verði skráð sem leigubifreið í ökutækjaskrá.
4. Kærandi undirritaði yfirlýsingu, dags. 24. nóvember 1999, þar sem hann gekkst við framangreindum skilyrðum, eins og áður hefur komið fram. Einnig skilaði kærandi til embættisins afritum af skattframtölum fyrir árin 2000 og 2001, staðfestum af Skattstjóranum í Reykjavík 29. janúar 2004. Ljóst er af skoðun beggja skattframtala að á hvorugu árinu hefur kærandi fullnægt skilyrðum ákvæðis 3. tölul. 1. mgr. 24. gr. reglugerðar nr. 254/1993, með síðari breytingum, um lágmark reiknaðs endurgjalds af leiguakstri, kr. 1.164.000,-. Sjá nánar afrit hjálagðra skattframtala.

Kærandi hefur haldið því fram að falla eigi frá máli þessu með vísan til þess að reglugerð nr. 254/1993, fari út fyrir þann lagaramma sem heimilaður er í lögum um vörugjald. Tollstjóri hafnar því að svo sé og bendir á að skýr heimild hafi verið fyrir ráðherra í lögum um vörugjald sem í gildi voru á þeim tíma sem hér um ræðir, til að setja nánari skilyrði um framkvæmd við afgreiðslu mála af því tagi sem hér um ræðir. Vísast til framangreindra lagatilvísana hvað þetta atriði varðar, sbr. 10. tölul. 2. mgr. 5. gr. þágildandi vörugjaldslaga nr. 29/1993, sbr. 28. gr. sömu laga. Skal það hér áréttað sem áður hefur komið fram að í 3. mgr. 5. gr. vörugjaldslaga var ráðherra m.a. veitt heimild til að setja nánari skilyrði um notkun ökutækis.

Hvað varðar það álit kæranda að lögin hafi gert ráð fyrir að tekið væri tillit til umsókna frá öryrkjum til atvinnuleyfa en að ákvæði reglugerðarinnar skerði þennan rétt og þar með möguleika öryrkja til að stunda leigubifreiðaakstur, telur tollstjóri að vörugjaldslög þau sem í gildi voru á þeim tíma sem niðurfellingin var veitt beri þess engin merki að taka eigi sérstakt tillit til eins þjóðfélagshóps framur öðrum. Ákvæðin beri einungis með sér þau skilyrði sem að framan hafa verið talin og heimild ráðherra til að setja nánari skilyrði til fyllingar lögunum. Það er mat tollstjóra að ákvæði reglugerðarinnar séu almenn og gildi jafnt yfir alla þá aðila sem notið hafa niðurfellingar vörugjalds á þann hátt sem um ræðir í máli þessu. Þá er þess getið að um er að ræða undantekningarreglu frá meginreglunni um greiðslu vörugjalds og ber að túlka slíkar reglur þröngt samkvæmt almennum lögskýringarsjónarmiðum.

Tollstjóri telur að ekki séu heimildir í lögum né reglugerð til að taka tillit til ýmissa áfalla sem upp geta komið við rekstur á leigubifreið eins og kærandi gerir kröfu um að sé gert í máli þessu.

Með vísan til framangreinds er það mat tollstjóra að ekki sé lagaheimild til annars en að krefja kæranda um endurgreiðslu eftirgefins vörugjalds af leigubifreiðinni YT-650. Ekki sé deilt um ákvörðun um fjárhæð endurgreiðslu eftirgefins vörugjalds heldur eingöngu skyldu til greiðslu þess og lítur tollstjóri svo á að ekki sé þörf á rökstuðningi á útreikningi krafins vörugjalds að svo stöddu. Tollstjóri áskilur sér rétt til frekari rökstuðnings komi til ágreinings um útreikning álagðs vörugjalds

Með vísan til ofanritaðs er þess krafist af hálfu embættisins, að inn kærði úrskurður tollstjórans, dags. 1. júlí 2004, varðandi kröfu um greiðslu eftirgefins vörugjalds af leigubifreiðinni YT-650, skráður eigandi A. verði staðfestur.

Kærandi var send greinargerð tollstjórans í Reykjavík til umsagnar með ábyrgðarbréfi þann 28. september 2004 og var honum gefinn frestur til 25. október til andsvara. Nefndinni hefur ekki borist svar frá kærandi.

Ríkistollanefnd hefur farið yfir þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram í máli þessu.

Kröfur kærandi eru þær að úrskurður tollstjóra verði felldur úr gildi og að fallið verði frá endurkröfu vörugjalds af bifreiðinni YT-650. Tollstjóri telur að kærandi hafi ekki uppfyllt skilyrði þau sem upp eru talin í reglugerð nr. 254/1993 um vörugjald af ökutækjum um forsendur eftirgjafar vörugjalds af leigubifreið.

Í gögnum málsins kemur fram að kærandi undirritaði yfirlýsingu, dags. 24. nóvember 1999, þar sem hann skuldbatt sig til að endurgreiða eftirgefið vörugjald að fullu með verðbótum í samræmi við 2. mgr. 26. gr. reglugerðar nr. 254/1993 um vörugjald af ökutækjum með síðari breytingum, hafi hann ekki að lágmarki kr. 1.164.000,- í reiknað endurgjald af leiguakstri annað af tveimur heilum almanaksárum eftir að eftirgjöf er veitt. Ekki er nein undantekning til þeirra sem hafa skerta starfsorku, varðandi þessa tekjuviðmiðun í reglugerðinni. Ljóst er að kærandi uppfyllti ekki þessi tekjuskilyrði.

Þá telur kærandi að lögin hafi gert ráð fyrir að tekið væri tillit til umsókna frá öryrkjum til atvinnuleyfa við rekstur leigubifreiðar og að tekið verði tillit til áfalla sem upp geta komið í rekstri leigubifreiða. Nefndarmenn fá ekki séð að þessar staðhæfingar kærandi eigi við rök að styðjast. Í lögum 29/1993 um vörugjald er ekki að finna neinar undanþágur hvað þessi tilteknu atriði varða og þá er ekki að finna neinar undanþágur í þessa átt í reglugerð 254/1993 um vörugjald sem sett var með stoð í 28. gr. laga nr. 29/1993 um vörugjald. Hvað varðar kvörtun kærandi að skilyrði reglugerðarinnar fari út fyrir lagaheimildir segir m.a. í vörugjaldslögunum. Skilyrði lækkunar vörugjalds af leigubifreið eru að kaupandi hennar hafi atvinnuleyfi til leiguaksturs fólksbifreiða og hafi akstur hennar að aðalatvinnu. Jafnframt er ráðherra heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði um þau ökutæki sem falla undir undanþágu laganna, s.s. um notkun ökutækis, búnað þess og hvað teljist vera aðalatvinna, svo og ákvæði um endurgreiðslu á mismun vörugjalds ef skilyrði eru brotin. Ríkistollanefnd getur ekki tekið undir með kærandi að í reglugerð nr. 254/1993 með síðari breytingum hafi verið farið út fyrir lagaheimildir. Að öðru leyti vísar ríkistollanefnd til fram komins rökstuðnings tollstjórans í Reykjavík. Kröfum kærandi er samkvæmt framansögðu hafnað.

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum, laga nr. 29/1993 um vörugjald með áorðnum breytingum svo og reglugerðar nr. 254/1993 um vörugjald af ökutækjum með síðari breytingum staðfestir ríkistollanefnd hinn kærða úrskurð tollstjóra nr. 13/2004 dags. þann 1. júlí 2004.